

Margrét Jónsdóttir

Um sagnasambandið

sjá sig eftir

og afturbeygingu

Maður ætti aldrei að
sjá sig eftir því að hafa
skammað karlmenn.
Þjóðviljinn 1938, 293. tbl.,
bls. 4/*Tímarit.is*

1 Inngangur

Í þessari grein verður fjallað um sagnasambandið *sjá sig eftir* 'iðrast', sjá *Íslenska orðabók (ÍO)* (2002).¹ Þar er sambandið í fyrsta skipti merkt staðbundið þó án skýringa rétt eins og í eldri útgáfum, *ÍO* (1963 og 1983). Eins og rakið verður í þriðja hluta benda flestar heimildir til þess að það sé austfirskt.

Með sambandinu *sjá sig eftir* er merkingarlega vísað til skynjunar/tilfinninga sem frumlagið verður fyrir, er mótað af en hefur enga stjórn á; frumlagið er skynjandamerkingar og í nefnifalli. Afturbeygða

¹ Greinarhöfundur ræddi efnið lauslega á málþingi Íslenska málfræðifélagsins og Málvísindastofnunar HÍ til heiðurs Höskuldi Práinssyni sjötugum 16. janúar 2016. Sigríður Sigurjónsdóttir fær þakkir fyrir vandaðan yfirllestur og ábendingar. Framlag yfirlæsara og ritstjóra OT er ómetanlegt og athugasemdum þeirra að langmestu leyti fylgt; þeim sé þökk. Þökk sé jafnframt Halldóru Jónsdóttur og Þórdísi Úlfarsdóttur fyrir snögg viðbrögð við útvegum dæma úr söfnum Orðabókar Háskólans. Hér verður einnig að nefna Höskuld Práinsson og Jóhannes Gísli Jónsson sem alltaf má leita til með vandamál, stór og smá. En ábyrgðin er auðvitað greinarhöfundar.

fornafnið *sig*, sem er fræðilega séð óbeint andlag sagnarinnar, er vísunarlega háð fornafn, einungis samvísandi við næsta frumlag og bundið/liðstýrt af því og er því skammdrægt bindifornafn. Afturbeygða fornafn og undanfari þess eru innan sömu og smæstu setningarinnar. Bindisviðið er því þröngt og langdrægni útilokuð þar sem afturbeygða fornafn vísar til frumlags í móðursetningu. Undanfarinn er þriðja persóna en aðrir beygingarþættir, þ.e. kyn og tala, eru óskilgreindir og samvísunin nær því aðeins til persónuþáttarins.²

Greinin snýst um eðli afturbeygingarinnar í sambandinu sem yfirleitt er án afturbeygingar og sömu merkingar: *sjá sig eftir* er afbrigði við *sjá eftir*. Til frekari skilnings verður í samanburðarskyni litið til hegðunar ýmissa sagna þar sem frumlagið tilheyrir sama merkingarflokki. Viðfangsefnið er því ekki aðeins skoðað út frá setningafræði heldur líka út frá merkingarfræði.

Í öðrum kafla verður rætt um ýmis setninga- og merkingarfræðileg atriði sem varða *sjá sig eftir*, t.d. afturbeygingu og einkenni hennar. Í þriðja kafla verða dæmi sýnd og þau greind nánar. Í fjórða kafla er *sjá sig eftir* skoðað frekar, m.a. í samanburði við skyldar sagnir, sumar skyldubundið afturbeygðar, aðrar sem yfirleitt eru það ekki enda þótt dæmi um afturbeygingu finnist. Í lokakaflanum verða svo helstu niðurstöður dregnar saman.

2 Nokkur setningafræðileg atriði

Þessi kafla skiptist í tvennt. Fyrst verður setningafræðilegri gerð *sjá (sig) eftir* lýst og hegðun beggja afbrigðanna skoðuð. Þá verður hugað að afturbeygingunni, jafnt skyldubundinni sem valfrjálsri. Í því skyni verður sambandið *sjá sig eftir* borið saman við *misstíga sig* með skyldubundinni afturbeygingu; öðru hvoru verður skotið inn samanburði við *þvo* sem hægt er að nota jafnt afturbeygða sem ekki.

2.1 Formgerð og hegðun

Setningafræðileg bygging setninga með *sjá eftir* og *sjá sig eftir* er ekki alveg sú sama. Það sem skilur á milli gerðanna tveggja eru ólík form-

² Um þetta segir Höskuldur Þráinsson (2001:9) m.a.:

i. Vegna þess að raunveruleg afturbeygð fornöfn hafa að jafnaði nærliggjandi undanfara er af merkingarlegum ástæðum „óþarfi“ að þau hafi mikið morfólógískt innihald.

leg tengsl forsetningarliðarins *eftir bókinni* við sagnliðinn. Meðal annars þess vegna er ekki úr vegi að bera saman setningafræðilega hegðun *sjá eftir* og *sjá sig eftir*.

- | | | |
|-----|---------------------------------------|---|
| (1) | <i>sjá eftir</i> | <i>sjá sig eftir</i> |
| a. | Jón sér eftir bókinni. | Jón sér sig eftir bókinni. |
| b. | Sér Jón eftir bókinni? | Sér Jón sig eftir bókinni? |
| c. | Eftir bókinni sér Jón. | ?? Eftir bókinni sér Jón sig . |
| d. | Bókinni sér Jón eftir . | ?Bókinni sér Jón sig eftir . |
| e. | | * Sig sér Jón eftir bókinni. |

Þótt setningargerðin sé ekki sú sama er hegðunin í meginatriðum eins. Ekki verður þó fram hjá því horft að kjarnafærðu setningarnar (c og d) með *sjá sig eftir* virðast tæpar, í máli fjölmargra jafnvel ótækar. Í því sambandi er samanburður við *bera sig eftir* hnýsilegur. Enda þótt setningin *Eftir bókinni sér Jón sig* sé vafasöm í meira lagi er sambærileg setning eins og *Eftir bókinni bar Jón sig* líklega tæk, þó helst við tiltekin skilyrði, eins og andstæðuáherslu. Það gæti líka skipt máli að sambandið er alþekkt, gagnstætt við *sjá sig eftir*. Á sama hátt hljómar setningin *Bókinni bar Jón sig eftir* mun betur en *Bókinni sér Jón sig eftir*. En þrátt fyrir þetta er ekki hægt að sjá að reglur íslenskrar setningafræði séu brotnar.

2.2 Afturbeyging: valfrjáls eða skyldubundin

Afturbeygða fornafnið *sig* er vísunarlega háð fornafn, notað sem andlag, bundið af nærliggjandi undanfara sínum sem er þriðja persóna.

Fall afturbeygða fornafnsins stýrist af sögn eða forsetningu. Þetta má t.d. annars vegar glöggst sjá í sagnasambandinu *taka sig á* þar sem *á* er ögn en sögnin fallvaldur sem tekur með sér þolfallið *sig*. Það er hins vegar forsetningin *á* sem ræður fallinu *á sig* í sambandinu *taka á sig*.

Í íslensku er að finna hóp sagna sem tekur með sér afturbeygt fornafn. Meðal þeirra eru t.d. *klæða sig*, *monta sig* og *ræskja sig* þar sem afturbeygða fornafnið er í þolfalli, *barma sér*, *frábiðja sér* og *voga sér* en þá er afturbeygða fornafnið í þágufalli. Með *blygðast sín*, *hefna sín* og *skammast sín* er fornafnið í eignarfalli en *taka á sig*, *ranka við sér* og *finna til sín* taka með sér forsetningarlið.

Sögnunum hér á undan má skipta í tvennt eftir því hvers eðlis vensl afturbeygða fornafnsins eru við frumlagið sem það vísar til, þ.e. hver vensl bindifornafnsins við undanfara sinn eru. Spurningin er því hvort sögnin er skyldubundið afturbeygð eða ekki; sjá umræðu um þetta hjá t.d. Jóni Friðjónssyni (1980:102–103), Sigríði Sigurjónsdóttur og Nina Hyams (1992:366–368), Jóhannesi Gísla Jónssyni (2005:357–358) og (2011), enn fremur Höskuldi Þráinssyni (2007:464–465). Sagnir eins og t.d. *monta*, *barma* og *blygðast* eru aldrei notaðar fornafnslausar: fólk *montar sig*, *barmar sér* og *blygðast sín*. Afturbeygingin er því ekki frjáls heldur skyldubundin (e. ‘inherently reflexive’) enda getur nafnorðsandlag ekki komið í stað fornafnsins; fólk *barmar* ekki öðrum. Sögnin og fornafnið mynda eina heild sem geymist sem slík í orðasafni. Til annars hóps teljast þá sagnir sem af merkingarlegum ástæðum geta verið afturbeygðar eða ekki (e. ‘naturally reflexive’). Sögnin *hefna* er gott dæmi um tvíeðla sögn. Taki hún með sér afturbeygt fornafn sem svo vísar til frumlagsins, *hefna sín*, er merkingin nánast ‘ná sér niðri á’. Sé sögnin hins vegar án fornafns, þ.e. *hefna e-s*, er merkingin ‘framkvæma hefndaraðgerðir vegna e-s’ eins og segir í *ÍO*. Þannig hefur *hefna sín* svolítið aðra merkingu en *hefna e-s* þótt tengslin séu samt ljós enda uppruni sá sami. Niðurstaðan er sú að afturbeygða fornafnið með *hefna* er hér ekki skyldubundið enda háð tiltekinni merkingu.

2.3 Hvers eðlis er *sig* í *sjá sig eftir*?

Sú spurning vaknar hvers eðlis staða *sig* í *sjá sig eftir* sé. Af setningunum í (1) má augljóslega ráða að merking *sjá eftir* og *sjá sig eftir* er ein og hin sama. Það sýnir því að *sig* er valfrjálst merkingarlega séð. Samanburður *sjá sig eftir* við sagnir sem eru alltaf afturbeygðar er því fróðlegur. Það má sjá í dæmunum hér á eftir.³ Í (2) eru setningar með *misstíga sig* og *sjá sig eftir* bornar saman.⁴ Með skiptiprófi sést hvort annað fallorð getur komið í stað afturbeygða fornafnsins. Svo er ekki hér; b-setningarnar eru algjörlega útilokaðar eða marklausar.

- (2) a. Jón sá **sig** eftir bókinni. Jón **missteig** sig oft.
 b. *Jón sá **hana** eftir bókinni. *Jón **missteig** hann.

³ Þau próf sem sýnd eru í (2)–(7) eru sama eðlis og er að finna hjá Jóni Friðjónssyni (1980:100–101).

⁴ Ýmislegt má þó finna. Það votta t.d. tvö dæmi í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans (ROH) frá níttjándu öld þar sem *misstíga* er ekki afturbeygð heldur tekur með sér andlag. Jóhannes Gísli Jónsson (2011:112) hefur sambærileg dæmi um aðrar sagnir.

Í (3) sést að ekki er hægt að kjarnafæra *sig* og hafa fremst í setningu. Ástæðan er sú að ekki er hægt að leggja áherslu á *sig* nema í því felist andstæðumerking. Að öðru leyti fylgir fornafnið sögninni. Það fer á undan forsetningarlið sem hér hefur stöðu beins andlags.

- (3) a. Jón **sá sig eftir** bókinni. Jón **missteig sig** oft.
 b. ***Sig** **sá Jón eftir** bókinni. ***Sig missteig** Jón oft.

Hvorki með *sjá sig eftir* né *misstíga* er hægt að nota samsett bindifornafn, þ.e. *sjálfan sig*, enda engum öðrum til að dreifa: menn *misstíga* t.d. ekki aðra. Þetta sýnir að fornafnið er skyldubundið en ekki valfrjálst. Það styður líka hugmyndina um einrúmar sagnir, sbr. umræðuna í 2.2.

- (4) a. Jón **sá sig eftir** bókinni. Jón **missteig sig** oft.
 b. *Jón **sá sjálfan sig eftir** bókinni. *Jón **missteig sjálfan sig** oft.

Hvorki *sjá sig eftir* né *misstíga sig* leyfa persónulega þolmynd enda forsendur ekki til staðar þar sem *sig* er hluti sagnarinnar en ekki rökliður eins og rakið var í 2.2.⁵

- (5) a. Jón **sá sig eftir** bókinni. Jón **missteig sig** oft.
 b. ***Sig** var **séð** eftir bókinni. ***Sig** var oft **misstíginn**.

Því er við að bæta að enda þótt persónuleg þolmynd með *sjá eftir* gangi ekki er ópersónuleg þolmynd í besta lagi, einkum þó að viðbættu atviksorði.

- (6) a. ***Eftir** bókinni **sá Jón sig**.
 b. Það var **séð eftir** bókinni.

Þar sem menn *misstíga sig* en ekki aðra er því ekki hægt að tengja annað fallorð við sögnina. Það er hins vegar auðveldlega hægt með *sjá sig eftir*.

⁵ Ýmis dæmi eru hins vegar um að afturbeygðar sagnir myndi ópersónulega þolmynd. Dæmi um þetta má t.d. sjá í nýrri MA-ritgerð Odds Snorrasonar (2021); *sjá* líka dæmi hjá Jóhannesi Gísla Jónssyni (2011:110). Því væri setning eins og *það var mikið séð sig eftir bókinni* alveg hugsanleg.

- (7) a. Jón sá sig eftir bókinni.
 b. Jón sá sig eftir bókinni og blaðinu.

Niðurstaðan hér er sú að *sjá sig eftir* og *misstíga sig*, báðar með skyldubundna afturbeygingu, haga sér að öllu leyti eins nema að því er varðar tengingu fallorðs við fyrirbyggjandi setningu, sbr. (7). Þar hegða *sjá sig eftir* og *sjá eftir* sér eins.

3 Heimildir

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim heimildum sem fundist hafa um *sjá sig eftir*. Þær eru bæði úr ritmáli og talmáli. Langflest eru þau um þriðju persónu en einnig eru dæmi um fyrstu persónu eintölu, þ.e. *mig*. Eins og fram kom í inngangi er tala óskilgreind þegar *sig* á í hlut. Sé vísunin hins vegar til annarra persóna skiptir hún máli, t.d. *ég – mig* andspænis *við – okkur*.

3.1 Dæmi úr rituðu máli

Ritmálsdæmin eru átján, öll úr heimildum frá níttjándu og tuttugustu öld, þau yngstu frá seinni hluta þeirrar aldar.⁶ Í (8) eru elstu dæmin sem hafa fundist, öll frá níttjándu öld.

- (8) a. ... að nokkur **hafi sjeð sig eptir** kostnaði þeim og fyrirhöfn, er hann varði til að koma sjer upp kálgarði.
 Gunnlaugur Þórðarson (1844:7)/ROH
- b. ... enda **sje jeg mig eigi eptir** því enn sem komið er...
 Fróði 1882, 84. tbl., dálkar 280–282/*Tímarit.is*
- c. ... mundi hann eiga „hægt með að vekja upp aftr kosti fornaldarlífsins“, sem hann „**sér sig eftir**“.
 Þjóðólfur 1883–1884, 32. tbl., bls. 101/*Tímarit.is*

⁶ Dæmin eru öll nema þrjú á *Tímarit.is*. Eitt fannst í ROH en greinarhöfundur lagði til tvö, dæmi d og g í (10). Leitað var að *sjá* með fylgiorðum en líka *blóð-*, *dauð-*, *hálf-*, *marg-* og *sársjá* með sömu skilyrðum. Dæmin í greininni voru síðast skoðuð í maí 2021. Í 3.3 er rætt um dæmi úr Talmálssafni Orðabókar Háskólans. Þau voru einnig skoðuð í maí 2021.

Öll önnur dæmi eru frá tuttugustu öld. Fyrst koma dæmi úr vestur-íslenskum blöðum.

- (9) a. Schley segir sjálfur að hann **sjái sig ekki eftir** peningunum...

Heimskringla 1901–1902, 7. tbl., bls. 1/*Tímarit.is*

- b. ... munu þeir **sjá sig eftir** því að hafa farið á mis við þá ágætu skemtun...

Heimskringla 1902–1903, 16. tbl., bls. 4/*Tímarit.is*

- c. ... hann bað hana að gefa sér tækifæri að dansa við hana, en **marg sá sig eftir** að hafa gjört það ...

Heimskringla 1902–1903, 37. tbl., bls. 4/*Tímarit.is*

- d. En eg held samt, þér að segja, að hann **sjái sig eftir** stelpunni;...

Heimskringla 1916–1917, 41. tbl., bls. 6/*Tímarit.is*

- e. „Þeir **sjá sig eftir** hverjum þumlungnum af reipinu, þessir landar þínir,“...

Syrpa 1918, 2. tbl., bls. 105/*Tímarit.is*

- f. Mjer líkar stefna blaðsins... Og haldi það áfram að vera svo, ætti enginn að **sjá sig eftir** að borga það.

Freyr 1924–1925, 3. tbl., bls. 8/*Tímarit.is*

- g. Þar sem annarsstaðar mætti eg sérstakri gestrisni, og **sá mig eftir** að geta ekki kynst fólkinu lengur.

Lögberg 1926, 50. tbl., bls. 9/*Tímarit.is*

- h. Menn þurfa aldrei að **sjá sig eftir** kaupi hans, ef um hendur hans fer nægilega mikið af vörunni.

Lögberg 1928, 52. tbl., bls. 2/*Tímarit.is*

Að undanskildum tveimur dæmum (9c, g) er ljóst að frumlagið er alltaf í nefnifalli og afturbeygða fornafnið vísar til þess sem undanfara, þ.e. er bundið af því. Í dæmunum tveimur verður að gera ráð fyrir frumlagseyðu og nefnifallsundanfara í báðum tilvikum.

Eftirfarandi dæmi eru úr íslenskum heimildum, blöðum og bókum.

- (10) a. ...að norska þjóðin **sér sig mjög eptir** að hafa lagt niður alla búnaðarskóla sína. **Sér sig eptir** því stórfé það kostaði landið...

Austri 1905, 13. tbl., bls. 49/*Tímarit.is*

- b. Og því spái eg, að Hafnfirðingar **sjái sig eftir** prentsmiðjunni – um seinan!

Skuggsjá 1910, 4. tbl., bls. 14/*Tímarit.is*

- c. Maður ætti aldrei að **sjá sig eftir** því að hafa skammað karlmenn.

Þjóðviljinn 1938, 293. tbl., bls. 4/*Tímarit.is*

- d. Ég svaraði með orðum Jóns Hreggviðssonar: „Mér heyrir þú lítilmenni.“ – En **hálfhálsa mig eftir** því samtundis.

Vilhjálmur Hjálmarsson (1981:157)

- e. Já, alltaf **sé ég mig eftir** því, að ég skyldi selja feldinn, segir nafni að lokum.

Austri 1959, 19. tbl., bls. 5/*Tímarit.is*

- f. Ég **hef** aldrei **séð mig eftir** því að vera þátttakandi í þessum félagsskap nema síður væri.

Austri 1985, 29. tbl., bls. 5/*Tímarit.is*

- g. Ég **sá mig** mikið **eftir** þessum þarfa þjón.⁷

Guðmundur Árnason (2016:25)

Dæmi (d) þarfnast athugunar vegna frumlagsleysisins. En þar sem afturbeygðar sagnir eru aldrei ópersónulegar verður að ætla að nefnifallsfrumlagið sé hér ósýnilegt.⁸ Vegna merkingarinnar væri þó ekki útilokað að sögnin væri ópersónuleg enda hefði hún haft sætaskipti við frumlagið. En þá væri hér ekki um sambandið *sjá sig eftir* að ræða. Minna má á að sögnin *iðra* sem er sömu merkingar er m.a. höfð ópersónuleg. Um hana verður rætt í kafla 4.1.1.

3.2 Ritmálsheimildirnar og aldur þeirra

Tvennt blasir við séu ritmálsdæmin skoðuð. Annars vegar eru öll dæmin í (9), átta að tölu, úr vesturíslenskum blöðum. Hins vegar má tengja mörg dæmanna við Austurland. Það á einnig örugglega við um fyrsta og síðasta dæmið í (8), jafnvel þau öll, og öll dæmin í (10) nema (c); óvíst er hver þar hélt á penna. Þess ber líka að geta að (a.m.k.) tveir

⁷ Dæmið er úr grein sem skrifuð var 1958. En á s. 24 í sömu grein, raunar þó í öðrum kafla, notar Guðmundur *sjá eftir*.

⁸ Vilhjálmur Hjálmarsson hafði *sjá sig eftir* með nefnifallsfrumlagi. Þetta fullyrti Stefán sonur Vilhjálmss í samtali við greinarhöfund árið 2016.

vesturheimsku höfundanna eru af austfirskum uppruna.⁹ Af dæmunum er ekki annað að ráða en að þau sýni eðlilegt málfar. Síðasta dæmið í (8) hefur þó sérstöðu þar sem svo virðist sem höfundurinn hæðist að notkun sagnasambandsins; gæsalappirnar segja sitt.

3.3 Heimildir úr talmáli

Í inngangi var þess getið að í *ÍO* væri sambandið *sjá sig eftir* sagt staðbundið, þó án frekari skýringa. Í Talmálssafni Orðabókar Háskólans er að finna nokkuð á annan tug dæma. Í ljós kemur að þau sem sambandið þekkja eru að austan eða hafa kynnst því í máli Austfirðinga.¹⁰ Maður af Héraði segir að sambandið sé „oft um munn haft hér um slóðir“. Kona sem fluttist austur um miðjan sjöunda áratuginn segist hafa kynnst *sjá sig eftir* um leið og austur kom. Hún segir enn fremur: „Ég held að það hafi aðallega verið eldra fólk sem notaði þetta undarlega orðfæri.“

4 Skynjandasagnir og afturbeyging

Hér á eftir verður rætt um nokkrar sagnir, allar með skynjandafrumlag. Sumar eiga það sameiginlegt að taka ekki með sér afturbeygingu í venjulegu máli enda þótt dæmi séu um slíkt. Þessi hegðan varpar því ákveðnu ljósi á afturbeyginguna í sambandinu *sjá sig eftir*.¹¹

⁹ Eins og fram hefur komið þá eru öll dæmin í (10) að undanskildu dæmi (c) „austfirsk“. Um austfirsk tengsl annarra höfunda má lesa um í eftirfarandi:

ii. (8a): Gunnlaugur Þórðarson (1819–1861), sjá <https://is.nat.is/as-iffellum/>

(8c): Sveinn Sveinsson (1849–1892), sjá Pál Eggert Ólason (1951:37).

(9e): Jóhann Magnús Bjarnason (1866–1945), sjá lestu.is/safn/Johann-MagnusBjarnason/index.html

(9g): Thorstina Walters, fædd Jackson (1887–1959), sjá Pál Eggert Ólason (1952:526–527) og *Morgunblaðið* 1959, 46. tbl., bls. 12/*Tímarit.is*

¹⁰ Dæmin í Talmálssafni Orðabókar Háskólans sýna að spurt hefur verið um sagnasambandið í útvarpsþættinum *Íslenskt mál*, líklega haustið 1986. Jákvaðu svörin komu öll af Fljótshéraði og nágrennabyggðalögum. Þrjú svör bárust úr öðrum landshlutum. Þar var sambandið óþekkt.

¹¹ Dæmi (11–16) í fjórða kafla fundust með hjálp Google í maí 2021. Dæmi (17) er af *Tímarit.is*.

4.1 Nokkrar sagnir með skynjandafrumlag

4.1.1 *iðra(st)*

Í upphafi greinarinnar var vitnað til ÍO um að *sjá sig eftir* merkti 'iðrast'. Deila má um hvort það reynist alveg rétt. En í því er þó einhver sannleikur. Sagnirnar eiga tilfinningamerkinguna sameiginlega, þótt þær sýni ólíka formlega hegðun.

Sögnin *iðra* er notuð á ýmsa vegu. Endi sögnin á *-st* er frumlagið í nefnifalli. Sagnir með *-st* taka aldrei þolfallsfrumlag (frekar en sagnir með öðrum orðmyndunarviðskeytum); þær geta hins vegar tekið þágufallsfrumlag enda frumlagið skynjandi eða, sem sjaldgæft er, mark; sjá umræðu um fallmörkun þessara sagna hjá t.d. Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1992:266–270) og Jóhannesi Gísla Jónssyni (1997–1998:32). Án *st*-endingarinnar er algengt að sögnin sé ópersónuleg með frumlag í þolfalli. En svo eru dæmi, raunar fá, um persónulega notkun. Hér á eftir kemur eitt slíkt.

- (11) „Það **iðra** ég mest að hafa ekki tekið af þeim andskotans byssuhólkinn...“

Orðasjóður Kollsvíkinga/kollsvik.is

Setningafræðilega stöðu *iðra* í (12) er erfitt að greina vegna tengi-eyðingar. En möguleikarnir eru tveir. Annars vegar getur sögnin verið ópersónuleg með frumlag í þolfalli eða, eins og *sjá sig eftir*, persónuleg með nefnifallsfrumlag og afturbeygt fornafn.

- (12) ...**iðraði sig** þess alla daga, að hann hefði ekki geingizt við barninu.

Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri.../ROH

4.1.2 *hlakka, kvíða, langa*

Dæmi eru um að sögnin *hlakka* geti verið afturbeygd. Það á við um *hlakka til* og *hlakka yfir* eins og sjá má hér á eftir.

- (13) a. Ég veit alltaf hvernig allir líta út :(ég sem **hlakkaði mig til** við að e-h komi mér loksins á óvart :(e.s. já, ég **hlakkaði mig til!**

<https://www.hugi.is>

- b. Svo að við notum tenginguna sem margir eru að **hlakka sig yfir...**

<https://bland.is>

Lítum nú á annað dæmi af sama toga.

- (14) Hvað segirðu þá um „ég **hlakka mig til**“ sem er bein þýðing á norska *frasanum* „*jeg gleder mig til*“. „Ég **hlakka mig svo til!**“ - er það ekki sætt?

<http://frjalsi.blogspot.is>

Í sjálfu sér er ekki útilokað að hér sé þýtt beint úr norsku eins og í dæminu segir. En svo þarf alls ekki að vera. Staðreyndin er nefnilega sú að *hlakka sig til* fellur alveg að kerfi málsins. Það sýna önnur dæmi hvort sem þau eru úr máli fullorðinna eða barna, sbr. t.d. (15) um sögnina *langa* hér á eftir.

Úr austfirsku talmáli eru dæmi um *kviða sig fyrir* (e-u), misjöfn að gæðum. Hins vegar eru sjö dæmi úr fornu máli, öll úr *Ordbog over det norrøne prosasprog (ONP)*; sjá nánar Margréti Jónsdóttur (2018:254). Ekki hafa fundist dæmi úr yngra ritmáli þrátt fyrir leit. Því er við að bæta að í færeysku er sögnin afturbeygð eins og rætt verður í lokakafla.

Enda þótt *langa* sé ópersónuleg sögn hefur þó fundist dæmi um að hún sé með frumlag í nefnifalli og afturbeygð. Eins og sjá má er vísað til barnamáls.¹²

- (15) Dásamlegar myndir af borðstofunni ... **ég langa mig** líka... Eins og bróðir minn hefði sagt þegar hann var lítill..

<http://hvitulakkris.blogspot.is>

Dæmið er athyglínnar vert. Það varpar t.d. ljósi á málþroska barnsins sem á fyrstu stigum máltökunnar á í erfiðleikum með að tileinka sér þolfall (furðufall) á frumlagi og notar nefnifallið sem er hið ómerkta frumlagsfall; sjá Herdís P. Sigurðardóttur (2002).¹³ Merkingarlega séð þarf afturbeygða fornafrnið, hvort sem er með *hlakka*, *kviða* og *langa*,

¹² Dæmi um nefnifallsfrumlag er einnig að finna (á fyrstu stigum) hjá þeim sem læra málið sem annað mál, sbr. t.d. Maríu Önnu Garðarsdóttur (2018:236).

¹³ Því er við að bæta að dæmi eru um að *langa* (án afturbeygingar) taki með sér nefnifallsfrumlag. Dæmi þess ná allt frá fornu máli, sjá t.d. í *ONP*, til nútímans. Og dæmi er til um *langast*, sjá *Tímarit.is*.

heldur ekki að koma á óvart. Samanburður við þær sagnir sem rætt er um í greininni leiðir það í ljós.¹⁴

4.1.3 *gleðja, vona*¹⁵

Sögnin *gleðja* er áhrifssögn sem tekur með sér andlag í þolfalli. Frumlagið er í nefnifalli, rétt eins og með *gleðjast*. Í gömlu máli má sjá að *gleðja* getur tekið með sér afturbeygingu enda er merkingin ekki 'gera glaðan' heldur 'hlakka til'.

- (16) **Eg gleð mig til** að sjá línu frá yður, og vona mér verði það að góðu.

brefasafn.arnastofnun.is (19. öld)

Sögnin *vona* tekur frumlag í nefnifalli, einnig sé *-st* bætt við. Gömul dæmi eru um að *vona* sé afturbeygd. Dæmið hér á eftir sýnir fornafn í þágufalli og er tiltölulega ungt.

- (17) Annars hef ég ekki grætt eins *vel á versluninni* og **ég vonaði mér í fyrstu**, *hugsaði hann*.

Steinar Sigurjónsson/*Tímarit Máls og menningar*
1967, 2. tbl., bls. 142–143/*Tímarit.is*

Þótt dæmið sé ekki gamalt er nánast útilokað að *vona*, og líka *gleðja*, séu afturbeygðar í nútímamáli. Afturbeyging þarf þó ekki að koma á óvart í ljósi merkingar sagnanna.

4.1.4 *sakna, furða, undra*

Dæmi eru um að *sjá sig eftir* geti haft sömu merkingu og *sakna*, sbr. t.d. dæmi (9d) og (10f).¹⁶ Engin dæmi eru um *sakna* með afturbeygðu

¹⁴ Í þessu sambandi má geta þess að rannsóknir í fjölmörgum tungumálum hafa leitt í ljós að á máltökuskeiði eru börn fyrri til að tileinka sér og ná valdi á skammdrægum afturbeygðum fornöfnum en persónufornöfnum (*hann, hún, það*). Þetta er kallað *forafnatregðan* (e. *the developmental delay of binding principle B*); sjá Sigríði Sigurjónsdóttur (2005:650–655).

¹⁵ Í *ÍO* er gamalt orðasamband leitt til vitnis um að *gleðja* geti verið ópersónuleg. Þar er líka gert ráð fyrir því að *vona* geti verið ópersónuleg, *e-n vonar*, og sé merkingin sú sama og *vænata*. Jóhannes Gísli Jónsson (2008) segir slíkt ekki mögulegt lengur.

¹⁶ Með Google má finna dæmi um að *sakna* sé höfð ópersónuleg, annars vegar með frumlag í þolfalli (eitt dæmi), hins vegar þágufall (tvö dæmi). Merkingarinnar vegna þurfa dæmin ekki að koma á óvart.

fornafni. Þess má geta að um slíkt eru dæmi í færeysku eins og rakið verður í 4.2.

Sagnirnar *furða* og *undra* eru jöfnum höndum ópersónulegar með frumlag í þolfalli og persónulegar en afturbeygingin skyldubundin.¹⁷ Sé *-st* bætt við eru sagnirnar ávallt persónulegar.

4.1.5 Samantekt

Hér á undan má greina nokkra hópa sagna. Þannig eru *gleðja*, *hlakka*, *kvíða*, *sakna* og *vona* allar með frumlag í nefnifalli. Það sem einkennir sagnirnar *furða*, *iðra*, *langa* og *undra* hins vegar er að þær taka allar með sér frumlag í aukafalli. Með *furða* og *undra* er afturbeyging skyldubundin enda frumlagið þá í nefnifalli. Með *kvíða*, *langa*, *hlakka* og *vona* er afturbeyging hins vegar ekki notuð í viðurkenndu máli enda þótt finna megi stöku dæmi; á *gleðja* og *vona* er vart hægt að minnast. Sögnin *sakna* er ekki afturbeygd, *iðra* líklegast ekki heldur. Sagnirnar *kvíða* og *hlakka* eru upprunalega persónulegar en eru oftár en ekki hafðar ópersónulegar. Dæmi finnast um að *sakna* sé notuð ópersónulega; það á hins vegar ekki lengur við um *gleðja* og *vona*. Sagnirnar *furða*, *gleðja*, *hlakka*, *iðra*, *undra* og *vona* geta allar bætt við sig *-st* og finna má slík dæmi um *langa*. Engin dæmi hafa hins vegar fundist um hið sama hjá *kvíða*, ekki heldur *sakna* enda þess varla von.

Í töflunni hér á eftir má sjá það sem hér hefur komið fram um sagnirnar og hegðan þeirra. Sagnirnar eru í stafrófsröð. Plúsmerki innan sviga gefur til kynna að málið teljist ekki venjulegt, jafnvel vafasamt.

nafnháttur	frumlag í nefnifalli	frumlag í nefnifalli afturbeyging	frumlag í aukafalli	nafnháttur endar á <i>-st</i>
<i>furða</i>		+	+	+
<i>gleðja</i>	+	(+)	(+)	+
<i>hlakka</i>	+	(+)	+	(+)
<i>iðra</i>	(+)	(+)	(+)	+
<i>langa</i>	(+)	(+)	+	(+)

¹⁷ Dæmi eru um sögnina *furða* með afturbeygt fornafn í þágufalli og *furða* og *undra* með frumlag í þágufalli. Dæmin eru ung og af blogg síðum. Hér kemur dæmi um afturbeygingu.

iii. ...og **ég furða mér** á því hvort það sé þurrkutíð í gangi...
<https://elinyr.wordpress.com/2005/07/page/2/> [2005]

nafnháttur	frumlag í nefnifalli	frumlag í nefnifalli afturbeyging	frumlag í aukafalli	nafnháttur endar á -st
<i>kviða</i>	+	(+)	+	
<i>sakna</i>	+		(+)	
<i>undra</i>		+	+	+
<i>vona</i>	+	(+)	(+)	+

Tafla 1: Flokkun sagnanna í kafla 4.1.

Að *sakna* undanskilinni taka allar sagnirnar sem skoðaðar voru með sér afturbeygt fornafn eða geta / hafa getað það. Sagnirnar, allar tilfinningasagnir, eiga það sameiginlegt að taka með sér skynjandafrumlag. Í ljósi þess sem fram hefur komið vaknar sú spurning hvernig líta beri á afturbeyginguna í *sjá sig eftir*, sambandi með skynjandafrumlag. Svarið er að fræðilega séð kemur það ekki í neinum skilningi á óvart að *sjá eftir* eigi sér / hafi átt hliðarmyndina *sjá sig eftir*. Því má svo við bæta að ekki kæmi á óvart að til væru dæmi um *sjá eftir* með frumlag í aukafalli, sbr. umræðu í lok 3.1. Engin dæmi eru til um **sjást eftir* í sömu merkingu og *sjá sig eftir*. Þess mætti þó vænta merkingarinnar vegna.

Í dæmi (15) var vísað til notkunar barns á sögninni *langa*. Dæmið sýnir glögglega þær kerfislegu og merkingarlegu forsendur sem barn byggir mál sitt á: rétt eins og *ég undra mig – mig undrar – ég undrast* er eðlilegt mál má hið sama segja um *ég langa mig – mig langar; langast*, sbr. neðanmálgrein 13, kemur heldur ekki á óvart. Í ljósi alls þessa væri hnýsilegt að skoða nánar í máli barna t.d. þær sagnir sem hér hafa verið til umfjöllunar. Í því sambandi má þess geta að rannsóknir Sigríðar Sigurjónsdóttur (2015) og Sigríðar Sigurjónsdóttur og Nina Hyams (1992) á afturbeygingu í máli íslenskra barna og færeyskra sýna að merkingarflokkun skiptir máli.

4.2 Skyld mál

Eðlilegt er að leita til skyldra mála til að varpa frekara ljósi á viðfangsefnið enda gætu samsvaranir verið að finna þar. Það á t.d. við um færeysku þar sem sagnirnar *gleða, iðra, kviða* og *undra* eru afturbeygðar, sbr. *sprotin.fo*; einnig *sakna*, þó í sértækri merkingu¹⁸. Í

¹⁸ Án afturbeygingar er merkingin sú hin sama og í íslensku. Sé sögnin afturbeygð

færeyska orðasafninu, *Orðaseðlasavnið* (setur.fo), eru dæmi um *vóna* með afturbeygingu. Þar eru líka gömul dæmi um *gleðast*, *saknast* og *vónast*. Í norsku, bókmáli og nýnorsku, eru *glede* og *undre* afturbeygðar; sjá *Bokmålsordboka* og *Nynorskordboka* (ordbok.uib.no). Það sama á við um dönsku, sjá *glæde* og *undre* í *Den Danske Ordbog* (ordnet.dk). Í ensku eru ýmis dæmi um afturbeygingu („Free Dative“).¹⁹ Af dæmunum hjá Horn (2013) að ráða eru a.m.k. sumar sagnirnar með skynjandafrumlag, sbr. t.d. *love* og *hate*. Í öðrum tilvikum er frumlagið fremur njótandi/velgjörðarþegi. Hin merkingarlega skilyrðing er því keimlík. Sé sögnin *elska* samvísandi í íslensku þá er fornafrnið (yfirleitt) samsett bindifornafrni, *elska sjálfan sig*, sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur (2015:230–231). Sé *hata* samvísandi er það væntanlega alltaf svo. Því má við bæta að í samsetta bindifornafrninu *sjálfan sig* skipta tala og kyn orðsins *sjálfur* máli en *sig* hirðir um hvorugt.

Í þessu sambandi er forvitnilegt að líta til íslenskra sagna þar sem frumlagið er njótandi en andlagið, þ.e. afturbeygða fornafrnið, verður að vera samvísandi við frumlagið. Sé svo ekki verður að nota forsetningarlið sem raunar gengur líka þótt samvísun sé á milli; sjá nánar Höskuld Þráinsson (2005:334–335). Dæmi um þetta má sjá hér:

- (18) a. María **prjónaði sér** (= **handa sér**) peysu um daginn.
 b. María **prjónaði handa mér** peysu um daginn.
 ?*prjónaði mér

Með íslensku í huga er eðlilegasta ályktunin sem draga má af þessum heimildum sú að um sé að ræða sambærilega merkingarþætti í ensku og íslensku, jafnvel sameiginlegan arf.

5 Lokaorð

Heimildirnar um sagnasambandið *sjá sig eftir* eru flestar að austan eða tengjast Austurlandi á einhvern hátt. Það á við um allar heimildir úr talmáli og að miklu leyti við um ritheimildirnar líka. Í lok þriðja kafla var vísað til orða heimildarmanns um að einkum eldra fólk

er merkingunni lýst svo í *sprotin.fo*: „*sakna seg* (burtur) dúra, durva, sova leysliga (eina lötú)“. Hinum sögnunum er þannig lýst: *gleða*: „*gleða seg* til jóla“; *iðra*: „*eg iðri meg* ekki eftir, at eg gjörði tað“; *kviða*: „*Símun næstan kviðaði sær* at fara inn“; *undra*: „*undra seg* el. *undrast* gerast bilsin el. ovfarin (av e-m).“

¹⁹ Önefndur ritrýnir benti á þetta og fær hann þakkir fyrir.

hefði notað „þetta undarlega orðfæri“, þ.e. *sjá sig eftir*. Það gæti verið rétt enda þótt vafasamt sé að fullyrða um of enda lengi von á einum.²⁰

Í greininni hefur verið fjallað um *sjá sig eftir* með tilliti til afturbeygingar. Til samanburðar var sambandið borið saman við nokkrar sagnir, allar með skynjandafrumlag og sumar merkingarlega skyldar. Tvær sagnanna eru skyldubundið afturbeygðar og um hinar flestar eru til dæmi um hið sama. Niðurstaðan er sú að ekkert mælir gegn afturbeygingunni í sambandinu *sjá sig eftir*, hvorki kerfislega né merkingarlega. Á sama hátt er ekkert sem mælir því gegn að sagnir eins og t.d. *sakna* og *vona* séu afturbeygðar enda merkingarleg skilyrði fyrir hendi. Það fær líka stuðning af færeysku.

Í inngangi (og víðar) var rætt um stöðu *sig* í *sjá sig eftir* og því haldið fram að afturbeygða fornafrnið væri ekki sérstakur rökliður heldur hluti merkingarinnar, væri innifalið í sögninni sjálfri. Sagnirnar *misstíga sig* og *hrasa* sem segja (nánast) það sama voru nefndar sem hliðstæður. En yfirborðsmunurinn er ljós. Hið sama á við um *sjá sig eftir* og *sjá eftir* þar sem merkingin er sú sama. Því má segja að í báðum tilvikum sé afturbeygða fornafrnið umframt.

Afturbeygða fornafrnið *sig* er einungis samvísandi við undanfarandi nafnlið á bindisviði sínu, þ.e. smæstu setningu sem það er hluti af. Það fellur því undir bindilögmál A, sjá t.d. Höskuld Þráinsson (2005:526). Í framhaldi af því má svo spyrja hvort bindilögmál A eigi við um *sjá sig eftir* og *misstíga sig*. Hefðbundið svar er auðvitað játandi. En sé sjónarmiðið merkingarlegt eins og rakið var hér á undan, sbr. annars vegar *misstíga sig* og *hrasa* og hins vegar *sjá sig eftir* og *sjá eftir*, þyrfti svo ekki endilega að vera. Innbyrðis merkingarlegur munur paranna tveggja er nefnilega enginn. Það sýnir þessi umfjöllun um *sjá sig eftir* og *sjá eftir*.

Heimildir

Bokmálsorðboka og *Nynorskordboka*. Universitetet i Bergen og Språkrådet. <https://ordbok.uib.no/> (sótt í maí 2021).

Den Danske Ordbog. Det Danske Sprog- og Litteraturselskap. <https://ordnet.dk/> (sótt í maí 2021).

²⁰ Einhver gæti leitt að því hugann hvort til sé eitthvað sem einkenndi mál Austfirðinga. Hér verður ekki um það fjallað. En nefna má að Sigfús Blöndal (1920–1924) tengir *flýta sín* Austfjörðum; raunar líka *nenna e-s*. Og rannsóknir Höskuldar Þráinssonar o.fl. (2015:65–66) sýna að það eru helst Austfirðingar sem álíta *flýta sín* eðlilegt.

- Guðmundur Árnason. 2016. Þrír dýraþættir. *Múlaping* 42:23–25.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1992. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In *a Comparative GB Approach*. Reykjavík: Institute of Linguistics. University of Iceland.
- Herdís Þ. Sigurðardóttir. 2002. *Fallmörkun í barnamáli. Hvernig læra íslensk börn að nota föll?* Óbirt MA-ritgerð við Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Horn, Laurence R. 2013. I love me some datives: Expressive meaning, free datives, And F-implicature. Í: Daniel Gutzmann og Hans-Martin Gärtner (ritstj.). *Beyond Expressives: Explorations in Use-Conditional Meaning*. bls. 151–199 Leiden: Brill. https://doi.org/10.1163/9789004183988_006.
- Höskuldur Þráinsson. 2001. *Um afturbeygð fornöfn og önnur fornöfn*. Úthenda frá fyrirlestri í Málfræðiklúbbi Matta 16. febrúar 2001.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Íslensk tunga III. Setningar. Handbók um setningafræði*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.). 2015. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- ÍO = *Íslensk orðabók*. 2002. Ritstjóri: Mörður Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Reykjavík: Edda.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1983. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Árni Böðvarsson og Ásgeir Blöndal Magnússon önnuðust endurskoðun. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 1963. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 1997–1998. Sagnir með aukafallsfrumlagi. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 19–20:11–43.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. Í: Höskuldur Þráinsson. *Íslensk tunga III. Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 350–409. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2008. Þróun fallmörkunar í íslensku og færeysku. Fyrirlestur á 22. Rask-ráðstefnunni 2008. <http://malvis.hi.is/sites/malvis.hi.is/files/Rask.fallmorkun.2008.pdf> (sótt í maí 2021).
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2011. Reflexive sig is an argument. Í: Tania E. Strahan (ritstj.). *Nordlyd* 37. *Relating to Reflexives*, bls. 99–118. Tromsø: CASTL. <http://www.ub.uit.no/munin/nordlyd>.
- Jón Friðjónsson. 1980. Sambeyging með afturbeygðum sögnum. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 2:97–117.
- Margrét Jónsdóttir. 2015. Breytingar og breytileiki í hegðun sagnarinnar *kviða*. Í: Matthew Whelpton o.fl. (ritstj.). *An Intimacy of Words. Innileiki orðanna*, bls. 283–306. Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Háskólaútgáfan.

- Margrét Jónsdóttir. 2018. Líkt og ólíkt: Sögnin *kviða* í íslensku og færeysku. Í: Höskuldur Þráinsson og Hans Andrias Sølvará (ritstj.). *Frændafundur 9*, bls. 249–259. Reykjavík: Hugvísindastofnun.
- María Anna Garðarsdóttir. 2018. Ég finnst það. Um tilurð og þróun. Skynjendafrumlagi í íslensku sem öðru máli. Í: Höskuldur Þráinsson og Hans Andrias Sølvará (ritstj.). *Frændafundur 9*, bls. 233–247. Reykjavík: Hugvísindastofnun.
- Oddur Snorrason. 2021. *Samfall og misræmi í þolmynd. Áhrif samfalls á fall- og samræmiskröfur í íslenskri þolmynd*. Ritgerð til M.A.-prófs í íslenskri málfræði. Háskóli Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/38068>.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog / A Dictionary of Old Norse Prose*, Københavns Universitet. <http://onp.ku.dk> (sótt í maí 2021).
- Orðaseðlasavnið. Fróðskaparsetur Føroya. <https://www.setur.fo/> (sótt í maí 2021).
- Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1940*. IV. bindi. 1951. V. bindi. 1952. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- ROH = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <http://www.arnastofnun.is> (sótt í maí 2021).
- Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2005. Máltaka og setningafræði. Í: Höskuldur Þráinsson. *Íslensk tunga III. Setningar. Handbók um setningafræði*, bls. 636–655. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2015. Afturbeyging í máli færeyskra barna með nokkrum samanburði við íslensku. Í: Turið Sigurðardóttir og María Garðarsdóttir (ritstj.). *Frændafundur 8*, bls. 229–251. Þórshöfn: Fróðskapur.
- Sigríður Sigurjónsdóttir, Nina Hyams. 1992. Reflexivization and Logophoricity: Evidence From the Acquisition of Icelandic. *Language Acquisition* 2(4):359–413.
- sprotin.fo. Netorðabækur. <https://sprotin.fo> (sótt í maí 2021).
- [Tímarit.is](https://timarit.is). <https://timarit.is> (sótt í maí 2021).
- Vilhjálmur Hjálmarsson. 1981. *Raupað úr ráðuneyti: Innan dyra á Hverfisgötu 6 í fjögur ár og fjóra daga*. Reykjavík: Þjóðsaga.

Lykilorð

íslensk málsaga, setningafræði, merkingarfræði, afturbeygð sögn, (ó)skyldubundið andlag, sagnasamband

Keywords

history of the Icelandic language, syntax, semantics, reflexive verb, (non) obligatory verb, idiom

Abstract

This article deals with the idiom *sjá sig eftir*, a variant of *sjá eftir*, more or less in the same meaning as *íðrast* 'repent, regret'. The experiencer subject is in the nominative. The accusative form of the reflexive pronoun, *sig*, theoretically the indirect object of the verb, is bound and commanded by the next subject. Consequently, the binding domain is short and the pronoun is a short-distance one. Semantically, it could be argued that the reflexive pronoun is a part of the verb which is inherently reflexive. Syntactically, the reflexive pronoun in question behaves mostly like other obligatory reflexive pronouns.

The examples of *sjá sig eftir*, from written texts as well as the spoken language, are from the middle of the nineteenth century to the last quarter of the twentieth. Most of the examples are from the eastern part of Iceland, and this includes all of the spoken language examples.

It could be argued that the examples of *sjá sig eftir* are relics. It doesn't have to be so, as there are sporadic examples of other experiencer-subject verbs, normally not reflexive, as reflexive ones (e.g. *hlakka (sig) til* 'look forward to'). Some of the examples are from child language. Furthermore, there are corresponding examples from related languages that show the same behaviour.

Margrét Jónsdóttir
Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands
mjons@hi.is

